Framkvæmdastjórn ESB hannar reglur um vatnsmagn í salerniskössum - tæp þrjú ár í smíðum

Eftir

Framkvæmdastjórn kynnir í næstu viku tillögur um vatnsmagn í salerniskössum. Markmiðið er að sömu staðlar gildi um þetta innan ESB þótt framkvæmdastjórnin viðurkenni „að mjög mismunandi“ venjur séu um notkun á slíkum kössum innan sambandsins og ráðist þær „meðal annars af menningarþáttum“.

Framkvæmdastjórn ESB hefur látið semja tillögurnar undir merkjum verkefnisins Ecolabel og er markmiðið að setja gullna reglu um opinberlega viðurkennd salerni í því skyni að spara vatn.

Martin Callanan, formaður ESB-þingflokks íhaldsmanna og talsmaður þeirra í umhverfismálum, gagnrýnir þessi áform harðlega. Hann sakar framkvæmdastjórnina um svíkja loforð sem José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, gaf á dögunum um að draga úr ESB-afskiptum og hætta að skipta sér af „litla hlutum“.

„Því virðast alls engin takmörk sett hve framkvæmdastjórnin telur sér fært að ganga langt,“ sagði hann við The Daily Telegraph.

Embættismenn ESB og einstakra aðildarlanda hafa unnið í næstum þrjú ár að því að smíða eina reglu um nýtingu á vatni fyrir salerniskassa, meðal annars með tilliti til áhrifanna á holræsakerfi borga frá London til Búkarest og Berlín til Vilnius, segir í frétt The Daily Telegraph (DT).

Við úttekt í tilefni af tillögugerðinni kom í ljós að vatnsnotkun í þessu skyni er mismunandi milli ESB-þjóða. Þá er hún einnig mismikil eftir svæðum í einstökum ríkjum. Er mismunandi eftir löndum hve stór hluti vatnsnotkun í salerniskössum er af heildar vatnsnotkun heimila. Hlutfallið er hæst í Lúxemborg 33%, þá í Bretlandi 30% en lægst í Finnlandi 14%.

Í reglum ESB verður gert ráð fyrir sex lítra þaki í fullum kassa, sé um tvískiptan kassa að ræða er gert ráð fyrir þriggja lítra tæmingu velji menn minni kostinn. DT segir að á fundum embættismanna hafi Bretar óskað eftir að minni tæmingin yrði fjórir lítrar í samræmi við það sem almennt tíðkist nú. Tilmælunum var hafnað þar sem í þeim fælist ósk um of mikla vatnseyðslu.

ESB-embættismenn leggja áherslu á að Ecolabel feli ekki í sér bindandi kröfur heldur viðmið fyrir framleiðendur en þeir taka jafnframt fram að markmiðið sé að setja reglur sem verði hluti af byggingareglugerðum viðkomandi landa.

Talsmaður framkvæmdastjórnarinnar sagði við DT að meginmarkmiðið væri að setja salerniskössum skilyrði sem stuðluðu að betri vatnsnýtingu við notkun þeirra. Á þennan hátt mætti minnka notkun meðalheimilis um allt að 6.600 lítra af vatni á ári.

Reglur ESB um þetta efni gilda á Íslandi í samræmi við EES-samninginn og hafa íslenskir embættismenn

átt rétt til þátttöku í fundum um smíði hinna nýju reglna.